

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Rio Tinto Alcan Straumsvík Hafnarfjörður



<b>Dags eftirlits</b>	16.11.2012	<b>Fulltrúi UST</b>	Ólafur Kristinn Tryggvason
<b>Fyrirtæki</b>	Rio Tinto Alcan Straumsvík	<b>Fulltrúi UST</b>	Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir
<b>Heimili</b>	Straumsvík	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6804660179	<b>Flokkur</b>	Ál
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Fannar Jónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	24.42.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Henning Ejerskov Sørensen og Guðrún Þóra Magnúsdóttir	<b>Staðsetning</b>	352084,248 397144,812

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Niðurstaða eftirlitsins er að engin frávik frá starfsleyfi komu í ljós og ekki voru gerðar neinar athugasemdir við reksturinn.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst með fundi rekstraraðila og eftirlitsaðila þar sem dagskráin var eftirfarandi:

1. Farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu
2. Umræður um löndunarkrana
3. Flæðigryfjur
4. Mæliáætlun, umræður
5. Útblástursmál
6. Önnur mál
7. REACH
8. Skoðun á flæðigryfjum

Í eftirlitsskýrslu frá síðasta eftirliti sem farið var í í ágúst sl. komu ekki fram nein frávik frá starfsleyfi og ekki voru heldur gerðar neinar athugasemdir við reksturinn. Ekki voru heldur nein atriði í skýrslunni sem þurftu frekari umræðu.

Í umræðum um súrálslöndunarkranann sem kominn er til ára sinna kom fram að kraninn mun verða endurbyggður eða nýr krani keyptur. Ákvörðun um hvor leiðin verði farin mun liggja fyrir á næsta ári.

Flæðigryfjur eru afgirtar og læstar og reglulegt eftirlit er með varnargarðinum til að aðgæta að hann sé í góðu ástandi. Er gengið í kringum þær til að aðgæta að hann sé í góðu ástandi. Einnig eru farnar reglulegar eftirlitsferðir til að kanna hvort umgengni sé ásættanleg. Einungis tveir verktakar hafa aðgang að flæðigryfjunum. Þeir sjá um að losa allt efni sem urðað er í þær. Flæðigryfjurnar eru einnig teknar út í úttektum Rio Tinto og af ytri úttektaraðila (ISO 14001).

Spurt var út í hversu langan tíma tæki að uppgötva þegar síupokar í þurrhreinivirki rifnuðu og svarið var að almennt tæki þaði ½ til 1 klst. ef veruleg hækkun verður á rykinu. Almennt endast pokar í um 5 ár en með stöðugum endurbótum hefur rekstraraðila tekist að lengja líftíma pokanna í átta ár. Rekstraraðilar hafa endurbætt síupokana og tvöfaldað þá efst eftir að í ljós kom að þeir rifnuðu oftast þar þegar skipt var út einum og einum poka.

Hreinsitækni sér um eftirlit og tæmingu olúgildra. Þeir koma mánaðarlega og mæla hvort og þá hve mikil olía er í olúgildrunum og tæma þær eftir þörfum. Olúgildran hjá steypuskála er eina olúgildran sem þarf að tæma reglulega en þar er notuð laxerolía í steypu-mótum. Notkun olíu hefur minnkað verulega eftir að hafin var framleiðsla á boltum.

Hávaði frá verksmiðjunni er mældur einu sinni á ári og birtast niðurstöður mælinganna í sjálfbærnisráðgjafi fyrirtækisins.

Í lokin var rætt um endurskoðun á mæliáætlun sem fjallað var um í bréfi frá Umhverfisstofnun þann 29. október sl.

Farið var í vettfangsferð í flæðigryfjurnar.

Farið var yfir skyldur fyrirtækisins skv. REACH reglugerðinni, nr. 750/2008 um skráningu, mat og leyfisveitingar er varða efni. Farið var yfir stöðu á skráningum efna skv. gagnagrunni Efnastofnunar Evrópu og horft til þeirra efna sem Rio Tinto Alcan hyggst skrá árið 2013. Fulltrúar Rio tinto Alcan á Íslandi sýndu eftirlitsaðilum gagnagrunn um efni og hættum sem fylgja þeim. Allar vinnustöðvar hafa tölvu með þessum gagnagrunni sem er aðgengileg starfsfólki. Fjallað var um nýja flokkunar- og merkingarreglugerð, CLP, sem nýlega var innleidd hér á landi og rætt um nýju hættumerkin. Farið var yfir innflutningsgögn frá tollstjóra með starfsmanni Rio Tinto Alcan á Íslandi og kallað eftir frekari upplýsingum um innihald nokkurra sendinga. Þegar Umhverfisstofnun hefur fengið þau gögn í hendur mun verða kallað eftir skráningarnúmerum ákveðinna efna og stikkprufur af öryggisblöðum skoðuð.

#### **ATHUGASEMDIR**

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

Reykjavík, 10.12.2012



Ólafur Kristinn Tryggvason

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.